MYNDLIST

# Þrjár sýningar á Kjarvalsstöðum

– Steinunn Þórarinsdóttir, Sóley Eiríksdóttir og Bragi Ásgeirsson

Þrír listamenn munu opna sýningar á Kjarvalsstöðum í dag laugardag. Þeir eru: Steinunn Þórarinsdóttir, Sóley Eiríksdóttir og Bragi Ásgeirsson.

Steinunn mun sýna 26 verk úr ýmsum efnum svo sem járni, blýi, gleri og leir, og eru þetta bæði frístandandi höggmyndir og veggmyndir. Hér er á ferðinni 5. einkasýning Steinunnar og sú stærsta hingað til.

Sóley Eiríksdóttir sýnir skúlptúr unnin úr leir. Hún hefur tekið þátt í samsýningum hér heima og erlendis en þetta er fyrsta einkasýning hennar.

Bragi Ásgeirsson sýnir 88 olíumálverk og nefnir hann sýningu sýna „Hughrif". Þetta er 9. stóra einkasýning Braga sem hélt sína fyrstu einkasýninu í Listmunahúsinu árið 1955.


Allar eru sýningarnar opnar frá 14:00-22:00 daglega til 14 apríl.

–BG



**Steinunn Þórarinsdóttir við eitt verka sinna.**

(Tímamyndir: Pjetur)



**Sóley Eiríksdóttir við skúlptúra sína.**

Myndbönd:

# Stiklur alla daga

– 20 þættir á 10 spólum

Nú hafa eigendur myndbandstækja möguleika á að horfa á Stiklu þætti Ómars Ragnarssonar á hverjum degi, því Innkaupa- og markaðsdeild Sjónvarpsins hefur hafið útgáfu þessa vinsæla efnis á myndsnældur.

Þáttaröðin Stiklur hóf göngu sína í Sjónvarpinu í október 1981 og byrjaði Ómar yfirferð sína um landið á Austurlandi. Nú eru þættirnir orðnir rúmlega 20 og leiðin legið um allt land og yfir. Í þáttunum blandast saman mannfræði, landafræði, sagnfræði og náttúrufræði og þegar saman kemur verða flestir þessara þátta ómetanlegur leiðarvísir þeirra, er um Ísland vilja ferðast og fræðast.

Spólurnar verða alls 10, og á þeim 21 þáttur. 5 fyrstu spólurnar eru komnar út og hinar 5 verða tiltækar næstu daga. Námsgagnastofnun hefur þegar fest kaup á efni þessu fyrir skólana, og fjölmörg bókasöfn hyggjast gera hið sama og lána út.

Innkaupa- og markaðsdeild mun auk þess selja Stiklur á myndsnældum beint til viðskiptavina í húsakynnum sínum í Skipholti 33, auk þess sem tekið er á móti pöntunum utan af landi í síma. Hver spóla kostar 2000 krónur með söluskatti.

–SÓL



**Hinrik Bjarnason, dagskrárstjóri afhendir Ómari Ragnarssyni fyrstu eintökin af Stiklum.**

# Borgararíma

Það er upphaf þessa máls
þrauta og raunasaga
þjakað hefur Þorstein Páls
þessa síðustu daga

Sumum þótti hann seinn til máls,
seinn í orðsins boðum,
líkt og þyrfti í sálu sjálfs
svipast eftir skoðun.

Eftir sveiflur, ólgu og tos
innri kvarnir mala,
þá varð skjálfti, þá varð gos,
Þorsteinn fór að tala.

Nauðsyn væri að færa fórn
flokksins sóma vegna
að Albert sæti ætti í stjórn
engu taldi hann gegna.

Sagði hann spurt um siðgæðið,
sóma, fremd og æru,
var það sama viðkvæðið
vinanna allra kæru.

Nú var framkvæmd næsta bráð,
nú var margt að erfa,
líknin ein var lausn í náð,
láta Albert hverfa.

Albert hlýðir, Albert fer,
Albert Þorstein kveður,
en allmörg hafði hann út með sér
íhaldshöfuðleður.

Framtalsgerða feril hans
fleiri ganga vildu
og við raunir ráðherrans
rennur blóð til skyldu.

Alberts framtals undanskot
ei skal kenna heimsku.
Hitt má reyna að hafa not
hentugrar stundargleymsku.

Hafskip fékk við flutning víns
fé úr ríkissjóði
af því leitaði umboðs síns
örsmár stundargróði.

Þeir munu bráðum fara flatt
fallnir mjög í verði
er sýnist ljótt að svíkja skatt
svo sem Albert gerði.

Fylgið hlýtur flokkur nýr,
flokkur borgaranna,
mannlegur og hjartahlýr,
hjálpin brotamanna.

Þjóðinni Albert segir sann,
sýnir gæfuveginn,
leiðir sérhvern lítinn mann
í ljósið hinum megin.

Albert þiggur allra hrós.
Albert var í stuði.
Albert mun vort æðsta ljós.
Albert þakkar guði.

**Skattborgari.**


**LAUSAR STÖÐUR HJÁ REYKJAVÍKURBORG**

## Tæknifræðingur – verkfræðingur

Tæknifræðingur, verkfræðingur óskast til að starfa hjá byggingafulltrúanum í Reykjavík við byggingareftirlit, steypueftirlit og önnur störf á skrifstofu byggingarfulltrúa.
Nánari upplýsingar um starfið gefur byggingarfulltrúi, Borgartúni 3. Laun skv. launakerfi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Umsóknum ber að skila til starfsmannahalds Reykjavíkurborgar, Pósthússtræti 9, 5. hæð á sérstökum eyðublöðum sem þar fást.

**LAUSAR STÖÐUR HJÁ REYKJAVÍKURBORG**

Skólaskrifstofa Reykjavíkur óskar eftir að ráða bókasafnsfræðing í fullt starf, sem fyrst.
Upplýsingar gefur skólasafnafulltrúi í síma 28544 e.h.
Umsóknum ber að skila til starfsmannahalds Reykjavíkurborgar, Pósthússtræti 9, 5. hæð á sérstökum eyðublöðum sem þar fást.

**Utankjörfundar-atkvæðagreiðsla**

í Reykjavík vegna alþingiskosninga 1987 hefst í Ármúlaskóla laugardaginn 4. apríl kl. 14 til 18. Síðan verður kjörstaðurinn opinn alla virka daga kl. 10-12, 14-18 og 20-22, en sunnudaga og helgidaga kl. 14-18. Lokað verður föstudaginn langa og páskadag.
**Borgarfógetaembættið í Reykjavík**

†

**Séra Benjamín Kristjánsson**
er látinn.
**Þóra Björk Kristinsdóttir**
**Björn Ingvarsson**

†

Hjartans þakkir fyrir sýnda samúð og vinarhug við andlát og útför
**Sigurbjargar Gunnarsdóttur**
**Melagötu 15, Neskaupstað**
**Jón Finnsson**
**börn og aðrir aðstandendur.**

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts mannsins míns og föður okkar,
**Sigurðar Sveinssonar**
**frá Sleggjulæk**
**Halldóra Gísladóttir**
**Kristín Mäntyla**
**Arndís Sigurðardóttir**
**Gísli Sigurðsson**

†

Þökkum auðsýnda vináttu og samúð við fráfall
**Þóris Bergssonar**
**Björg Hermannsdóttir**
**Hjalti Þórisson** — **Guðrún Björk Tómasdóttir**
**Hermann Þórisson** — **Rannveig Sigurðardóttir**
**Lilja Þórisdóttir** — **Torfi Magnússon**
**Bergur Þórisson** — **Laufey Kristinsdóttir**
**Sigríður Bergsdóttir**
**Jón Bergsson** — **Þórdís Pálsdóttir**
**Vilhelmína Jónsdóttir Beck**
**og barnabörn**